



Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2025



Fjárhagsáætlun 2026



Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2026 er lögð fram og unnin samkvæmt fyrirmælum [sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011](#).

Vinnuferli
fjárhagsáætlunar

Forsendur
fjárhagsáætlunar

Rekstur, fjárfestingar og
framkvæmdir

Yfirlit
málaflokka




Vinnuferli fjárhagsáætlunar



Forstöðumenn og sviðsstjórar

Gerð og yfirferð vinnubóka, millifærslna, launabreytinga og framkvæmda- og viðhaldsáætlana



Fastanefndir

Yfirferð gjaldskráa og framkvæmda- og viðhaldsáætlana



Bæjarráð

Samþykkir forsendur, tekjuáætlun og fjárhagsramma.
Fjallar um drög að fjárhagsáætlun.



Bæjarfulltrúar, bæjarstjóri og sviðsstjórar

Vinnufundur

Bæjarstjórn


Samþykkir tillögur að gjaldskrá
Fjallar um og samþykkir fjárhagsáætlun á tveimur fundum



Forsendur fjárhagsáætlunar



Samkvæmt fyrirbællum [sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011](#) skal bæjarráð leggja fyrir bæjarstjórn drög að fjárhagsáætlun og skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár sem og næstu þrjú ár þar á eftir.



Fjárhagsáætlun sveitarfélags er bindandi fyrir allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins, samkvæmt 63. gr. sveitarstjórnarlaga. Einungis er hægt að víkja frá fjárhagsáætlun með því að samþykkja viðauka við áætlunina.




Meginlagaheimild sveitarfélaga til að leggja á skatta og þjónustugjöld kemur úr [lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995](#)



Forsendur fjárhagsáætlunar

Tekjustofnar sveitarfélaga


- Útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði.
- Eignir og eigin atvinnurekstur
- Stofnanir sem reknar eru í almenningsþágu:
 - Vatnsveitur
 - Rafmagnsveitur
 - Hitaveitur
- Ýmsar aðrar tekjur:
 - Holræsagjald
 - Lóðaleiga
 - Leyfisgjöld
 - Þjónustutekjur



Útsvar

Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga. Útsvarshlutfall í áætlun 2026 er 14,97%.

Í útkomuspá 2025 er gert ráð fyrir að útsvarsstofn hækki um 12,2% milli áranna 2024 og 2025. Lagt er til að útsvarsgreiðslur fyrir árið 2026 verði áætlaðar 3.650 m.kr. en voru 3.416 m.kr. í áætlun 2025.




Hægri mælikvarðinn er fyrir þróun launavísitölu.

Útsvar

Í ársbyrjun 2024 voru íbúar sveitarfélagsins 3.797 og í ársbyrjun 2025 voru þeir 3.832, samkvæmt tölum Hagstofunnar.

Þann 15. nóvember 2025 er fjöldi skráðra íbúa Ísafjarðarbæjar 4.117, samkvæmt gögnum Þjóðskrár.



Forsendur fjárhagsáætlunar


Fasteignagjöld

Fasteignaskattur er þriðji stærsti tekjustofn sveitarfélagsins og er lagður árlega á flestar fasteignir í sveitarfélaginu sem metnar eru fasteignamati, samkvæmt fasteignaskrá.

Hlutfall fasteignaskatts lækkar á íbúðarhúsnæði árið 2026 og verður 0,48% af hús- og lóðarmati. Hlutfall fasteignaskatts af öðrum fasteignum verður áfram 1,65% af hús- og lóðarmati.

Heildarhækkun tekna vegna fasteignagjalda árið 2026 er 6,36% miðað við fasteignagjöld ársins 2025. Fasteignagjöld 2026 eru áætluð 1.098 m.kr.

Þróun fasteignagjalda 2022-2026



Hægri mælikvarðinn er fyrir þróun fasteignamats og er í þ.kr.


Forsendur fjárhagsáætlunar

Jöfnunarsjóður

Jöfnunarsjóður ein þriggja meginstoða tekjuöflunar sveitarfélaga og er hlutverk sjóðsins að jafna mismunandi útgjaldapörf og skatttekjur sveitarfélaga.

Framlög Jöfnunarsjóðs skiptast í fjóra flokka:


- Sérstök framlög, svo sem vegna sameiningar sveitarfélaga eða fjárhagserfiðleika
- Jöfnunarframlög sem skiptast í tekjujöfnunarframlag og útgjaldajöfnunarframlag
- Jöfnunarframlag vegna reksturs grunnskóla
- Jöfnunarframlag vegna þjónustu við fatlaða.



Jöfnunarsjóður


Í endurskoðaðri áætlun Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2025 er gert ráð fyrir heildarframlagi að fjárhæð 2.224 m.kr. Á árinu 2026 er heildarframlag Jöfnunarsjóðs áætlað um 2.590 m.kr. Þar af eru 823 m.kr. vegna málefna fatlaðs fólks.

Jöfnunarsjóður



Stöðugildi



Í áætlun 2026 er gert ráð fyrir 306,4 stöðugildum og fjölgar um 9,3 frá áætlun 2025 með viðaukum.



Forsendur fjárhagsáætlunar

Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður er áætlaður út frá stöðugildum og tekur mið af gildandi kjarasamningum.




Rekstur, fjárfestingar og framkvæmdir

Fjárhagsáætlun A- og B-hluta — Rekstrarniðurstaða

Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2026 gerir ráð fyrir 583 m.kr. afgangi á A- og B-hluta sveitarfélagsins á næsta ári. Rekstur A-hluta verður jákvæður um 274 m.kr.


Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði 14,1% af heildartekjum eða 1.326 m.kr.



Rekstur, fjárfestingar og framkvæmdir

Efnahagur


Efnahagur A- og B-hluta




Fjárfestingar

Á árinu 2026 er áætlað að fjárfestingar Ísafjarðarbæjar í A- og B-hluta nemi 1.300 m.kr. Fjárfestingar í A-hluta eru áætlaðar 600 m.kr. og í B-hluta 700 m.kr. Allt að teknu tilliti til endurgreiðslna.

Fjárfestingar A-hluta




Fjárfestingar B-hluta



Rekstur, fjárfestingar og framkvæmdir

Fjárfestingar

Fjárfestingar næstu fjögurra ára eru áætlaðar alls 4.579 m.kr.



Yfirlit málaflokka

Velferðarsvið

Skóla- og tómstundasvið

Stjórnsýslu- og fjármálasvið


Umhverfis- og eignasvið

Fasteignir Ísafjarðarbæjar

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar

Hafnasjóður

Byggðasafn Vestfjarða



Velferðarsvið

Málaflokkarnir sem heyra undir velferðarsvið Ísafjarðarbæjar eru:

Félagsleg aðstoð

- Fjárhagsaðstoð
- Stuðningsþjónusta
- Sérstakar húsnæðisbætur
- Afsláttur af fasteignagjöldum aldraðra og öryrkja

Þjónusta við aldraða



- Félagsstarf
- Matarþjónusta
- Dagdeild

Þjónusta við börn og unglinga

- Barnavernd

Þjónusta við fatlað fólk


- Frístundaþjónusta
- Ferðaþjónusta
- Búsetur
- Skammtí mavistun
- Stuðningsfjölskyldur
- Hvesta



Velferðarsvið

Félagsleg aðstoð

Áætlaður kostnaður vegna fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings er samtals 36,8 m.kr.




Velferðarsvið

Þjónusta við börn og unglinga

Ísafjarðarbær er leiðandi sveitarfélag í barnaverndarþjónustu Vestfjarða. Vinna þjónustunnar hefur tekið á sig skýra mynd og gengur samstarfið afar vel.

Heildarkostnaður við barnaverndarþjónustu árið 2026 er 100 m.kr.




Málefni fatlaðra

Ísafjarðarbær er leiðandi sveitarfélag í málefnum fatlaðra á Vestfjörðum.

Gerðar voru smávægilegar breytingar á hlutfallsskiptingu í sameiginlegum kostnaði sveitarfélaganna hvað varðar ráðgjöf og stjórnun. Jafnframt er kostnaður vegna húsnæðiskostnaðar og innri þjónustu sveitarfélaganna hlutfallaður. Heildarkostnaður 2026 er áætlaður um 734 m.kr.

Málefni fatlaðra




Skóla- og tómstundasvið

Undir skóla- og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar heyra málefni leikskóla, grunnskóla, íþrótta- og tómstunda, lýðheilsu og tónlistarskóla.

Til fræðslu- og uppeldismála er gert ráð fyrir að verja um 3.087 m.kr. á árinu 2026 sem er hækkun um 253 m.kr. eða 8%.

Til íþrótta- og æskulýðsmála er gert ráð fyrir að verja um 842 m.kr. á árinu 2026 sem er hækkun um 84 m.kr. eða 10%. Skýringin á þessari hækkun er að stórum hluta vegna breytinga á millifærslum.

Rekstur skóla- og tómstundasviðs




Leikskólar

Ísafjarðarbær rekur fimm leikskóla auk þess að veita framlög til reksturs eins einkarekins leikskóla. Áætlaður fjöldi leikskólabarna á árinu 2026 er 220.

Gert er ráð fyrir að verja um 1.027 m.kr. til leikskóla á árinu 2026, sem er hækkun um 20 m.kr. eða 1,97%.

Áætlaður kostnaður Ísafjarðarbæjar við hvert leikskólabarn er að meðaltali um 5 m.kr. á ári




Skóla- og tómstundasvið

Grunnskólar

Ísafjarðarbær rekur fjóra grunnskóla og er áætlaður fjöldi nemenda 505 árið 2026.

Til grunnskóla er gert ráð fyrir að verja um 1.599 m.kr. á árinu 2026 sem er hækkun um 132 m.kr. eða 8%.


Áætlaður kostnaður per nemanda er að meðaltali 4,24 m.kr.



Skóla- og tómstundasvið

Íþróttamannvirki

Gert er ráð fyrir að verja um 551 m.kr. í íþróttamannvirki á árinu 2026 sem er hækkun um 51 m.kr. eða 9,2%. Gert er ráð fyrir meiri yfirvinnu en árið á undan í öllum íþróttamannvirkjum nema skíðasvæðinu.




Súlurnar nota vinstri mælikvarðann og línan sem sýnir samtals kostnað notar hægri mælikvarðann.

Stjórnsýslu- og fjármálasvið

Á málaflokk 21 er færður kostnaður af stjórnsýslu- og fjármálasviði Ísafjarðarbæjar auk ýmiss sameiginlegs kostnaðar sem er ekki hluti af almennum rekstri bæjarins.


Rekstrarkostnaður stjórnsýslu- og fjármálasviðs 2022-2026
í m.kr.



Umhverfis- og eignasvið

Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar hefur umsjón með málaflokkunum: Hreinlætismál, skipulags- og byggingamál, umferðar- og öryggismál, umhverfismál og atvinnumál.


Þróun kostnaðar málaflokka umhverfis- og eignasviðs 2022-2026
í m.kr.



Umhverfis- og eignasvið


Snjómokstur

Kostnaður við snjómokstur og hálkuvarnir er nokkuð breytilegur milli ára. Á árinu 2025 var kostnaður vegna snjómoksturs 44 m.kr. þegar tveir mánuðir voru eftir af árinu. Fyrir árið 2026 er gert ráð fyrir 50 m.kr.



Umhverfis- og eignasvið

Vatnsveita



Um vatnsveitur í eigu sveitarfélaga gilda [lög nr. 32 frá 2004](#) og [reglugerð nr. 401 frá 2005](#).



Miða skal við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum vatnsveitna af sölu vatns standi undir rekstri hennar.





Gjaldskrá vatnsveitu byggist á föstu gjaldi á hverja fasteign og álagi eftir stærð hennar. Mismunandi gjöld gilda fyrir íbúðarhúsnæði annars vegar og annað húsnæði hins vegar.




Vatnsveita

Fjárhagsáætlun vatnsveitu fyrir árið 2026 gerir ekki ráð fyrir aukningu í þjónustutekjum. Sölutekjur eru áætlaðar 18 m.kr. og heildartekjur 63,3 m.kr.

Áætlaður kostnaður vegna viðhalds vatnsveitu er samtals um 56,4 m.kr.



Fráveita



Um uppbyggingu og rekstur fráveitna í eigu sveitarfélaga gilda [lög nr. 9 frá 2009](#) og [reglugerð nr. 982 frá 2010](#). Þar segir að miða eigi við að fráveitugjald ásamt öðrum tekjum fráveitu standi undir rekstri hennar og uppbyggingu.



Í gjaldskrá fráveitu er miðað við fast gjald á hverja fasteign fyrir sig, auk álags vegna stærðar fasteignar. Sama gjald er fyrir íbúðarhúsnæði og annað húsnæði.





Starfssvæði fráveitu er skipt upp í fráveitusvæði og er sér gjaldskrá fyrir hvert veitusvæði, þó með sömu upphæð á öllum svæðum á árinu 2026. Markmiðið er að tengja gjaldtöku við rekstur hvers svæðis og jafna þannig kostnað á milli byggðakjarna.



Fráveita

Áætlaður rekstrarafgangur fráveitunnar árið 2026 er 30,5 m.kr., sem er hærra en afkoma ársins 2025.

Töluverð þörf er á innviðafjárfestingu í fráveitu á næstu árum. Árið 2026 er gert ráð fyrir samtals viðhaldi upp á 28,0 m.kr.



Umhverfis- og eignasvið



Fasteignir Ísafjarðarbæjar

Gert er ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu Fasteigna Ísafjarðarbæjar, um 28,5 m.kr. árið 2026.

Áætlaðar rekstrartekjur eru 88,3 m.kr. og áætluð rekstrargjöld 96,7 m.kr.

Áætlaður fjármagnskostnaður er 20,1 m.kr. og áætlaður söluhagnaður 0 m.kr.

Gert er ráð fyrir 30 m.kr. í viðhald á eignum Fastís á árinu 2026.




Slökkvilið Ísafjarðarbæjar


Rekstrarkostnaður slökkviliðs hækkar um 21,0 m.kr. og skýrist það að mestu vegna kjarasamningsbundinnar hækkunar launa.

Nýr samningur við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða um sjúkraflutninga miðar við 450 flutninga á ári, samtals 82 m.kr. árið 2026

Slökkvilið rekstur
í m.kr.





Rekstur sjúkraflutninga
í m.kr.



Hafnarsjóður


Áætlaðar tekjur Hafnarsjóðs árið 2026 eru rétt tæplega 900 m.kr.



Hafnarsjóður

181 skemmtiferðaskip hafa verið bókuð til hafna Ísafjarðarbæjar 2026.
Árið 2025 komu 188 skip.

Fjöldi koma skemmtiferðaskipa 2021-2027




Byggðasafn Vestfjarða

Rekstraraðilar Byggðasafns Vestfjarða eru Ísafjarðarbær, Súðavíkurbær og Bolungarvíkurkaupstaður og skiptist rekstrarhlutdeild þeirra eftir íbúafjölda.

Gert er ráð fyrir að rekstrarframlag sveitarfélaga hækki á milli ára og verður hlutur Ísafjarðarbæjar 44,3 m.kr. árið 2026.

Rekstrarframlög Ísafjarðarbæjar vegna Byggðasafns Vestfjarða



Byggðasafn Vestfjarða

Gestir safnsins, Smiðjan á Þingeyri ekki meðtalín, það sem af er árinu 2025 eru 22.557 en árið 2024 voru þeir 15.880.

Gestafjöldi á Byggðasafni Vestfjarða 2022-2025

